

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Vestmannaeyjabæ.

*Breytt deiliskipulag á hafnarsvæði H-2, austurhluti.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar á fundi sínum þann 19. júní 2015 breytingartillögu vegna deiliskipulags á hafnarsvæði H-2.

Breytingin felur í sér að byggingarreitur á lóð Vinnslustöðvarinnar hf. (Kleifar 2) stækkar um 1.152 m<sup>2</sup> til austurs og suðurs, auk þess gerir tillagan ráð fyrir hækjun á hámarkshæð bygginga á sömu lóð úr 13 m í 15 m.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 17. ágúst 2015,*

**Sigurður Smári Benónýsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. september 2015